

Fót hjó skáld af Ljóti — Rísandi tvíhljóð og kenning Hreins Benediktssonar um fornt rím

Í dróttkvæðu alrími þurfa sérhljóð að vera þau sömu. Frá þessu eru undantekningar. Mest áberandi er að hljóðönnin *a* og *o* ríma saman. Þetta er kallað ónákvæmt rím. Það leiðir til spurninga um hvort rímið samsvari hljóðkerfi íslenskunnar. Hér er sagt frá nýlegum athugunum á rími tvíhljóðanna *ja*, *jø* og *jó* og rætt hvernig það rím fellur að kenningu Hreins Benediktssonar um ónákvæmt rím. Ég sýni að *o* og *ja* rímuðu ekki saman sem sýnir að *o* og *ja* voru sérstakar rímeiningar. Þetta hefur ekki verið gert áður. Í lokin bendi ég á hvernig lagfæra megi kenningu Hreins.

1 Inngangur

Í jöfnum vísuorðum dróttkvæða er atkvæðarím þar sem tvö sérhljóð eru hin sömu. Frá þessu eru undantekningar. Mest áberandi er að *a* og *o* ríma saman, t.d. *allr: holl*. Hreinn Benediktsson gaf hljóðkerfislega skýringu á þessu rími (e. phonological explanation) í grein í *Acta philologica Scandinavica* 26:1–18, 1963. Greinin var endurprentuð 2002 í safnríti greina hans. Samkvæmt Hreini gátu tvö hljóðönn rímað, ef einn hljóðkerfisþáttur (e. distinctive feature) skildi þau að, og sá þáttur var ekki aðgreinandi við tiltekna aðstæður. Helsta dæmið um slíkt hlutleysi var ef *u* var í næsta atkvæði í sama orði. Við þær aðstæður var *kringingin*, hinn aðgreinandi þáttur milli *a* og *o*, hlutlaus eða upphafinn (e. neutralized). Til dæmis gat *mønnum* ekki verið annað orð en *mannum*.¹

Samkvæmt ofansögðu greindi rím á milli færri hljóðana heldur en voru í hljóðkerfi íslenskunnar. Stephen R. Anderson (1973, 3–33) taldi ófullnægjandi að gera ráð fyrir að um rím *a: o* gildi sérstök undantekning. Hann vildi gera ráð fyrir að *a* og *o* væru tvö birtingarform sama erkihljóðans. Bernard Kahle (1892, 33+) setti áður fram sömu kenningu, sjá Hreinn Benediktsson (2002, 93–94). Segja má að Kahle og Andersen hafi gert ráð fyrir að í baklægu hljóðkerfi íslenskunnar væri samsvörun á milli rímeininga og hljóðana.

Kristján Árnason (1991, 104–105) lagði til að sögulegar ástæður lægju að baki ríminu *a: o*. Haukur Þorgeirsson (2014) tók upp kenningu Kristjáns í doktorsritgerð sinni og taldi að rímið byggði á hefð. Hans Kuhn (1983, 79) taldi að skáldin hefðu notað rímið *a: o* til að komast hjá því að sýna þann mismun sem var á milli *u*-hljóðvarpa í norrænum mállyskum. Hver sem útgangspunktur ofantaldra fræðimanna var, hafa þeir allir gefið sér að *a* og *o* væru jafngild í rími. Hreinn (2002, 92) taldi að *a* og *o* mynduðu eina brageiningu (e. metrical entity) þangað til *o* og *ø* runnu saman í kringum árið 1200. Þorgeir (2023) sýndi nýlega, að þetta ætti ekki við um meðaltalsnotkun *a* og *o*. Hann sýndi að notkun rímsins *a: o* fór minnkandi þangað til hún lagðist af um 1200. Af þessu leiðir að tölfræðilega voru *a* og *o* ekki sama einingin í rími. Í þessari grein geng ég lengra og sýni að í einstökum orðum má með góðum líkum greina, að í þeim var sérhljóðið *o* en ekki *a*.

¹ Í samsettu orðum hefur *u* ekki þessi áhrif, t.d. í orðinu *athuga*. *V* hefur sömu áhrif og *u* í orðum eins og *vqlva* (sjá Hreinn Benediktsson 2002, 95–96).

2 Rím tvíhljóðsins *ja*

Ég vitna til Þorgeirs (2023) um að rím *a* og *o* hafi með tímanum orðið sjaldgæfara frá um 900 til um 1200. Í lokin kom það varla fyrir. Rím *a* og *ja* þróaðist í öfuga átt. Það varð algengara með tímanum, en í byrjun var það sjaldgæft.

Hreinn gerði ekki ráð fyrir að *ja* hefði verið tvíhljóð í elstu kvæðum og að rím þess við *a* hefði verið ónákvæmt. Ég kalla hinn aðgreinandi þátt á milli *a* og tvíhljóðsins *ja*, *rísandi*. Ég ræði í kafla 3 við hvaða aðstæður þessi aðgreining var upphafin eða hlutlaus en það leiðir samkvæmt kenningu Hreins til ónákvæms ríms. Ennfremur má draga þá ályktun af kenningu Hreins að rím á milli *o* og *ja* hafi ekki verið til, vegna þess að á milli þessara sérhljóða voru tveir aðgreinandi þættir (kringing og rísandi). Þetta kann að þykja ótrúlegt vegna þess að flestir munu gera ráð fyrir að ef *o* og *a* rími saman, og ef *a* og *ja* rími saman, þá hljóti *o* og *ja* að gera það sömuleiðis. Þetta kallast *gegnvirkni*. Það er tiltölulega auðvelt að sýna að ónákvæma rímið með *o*, *a* og *ja* var ekki gegnvirkt, en það hefur ekki verið gert fyrir en nú. Í eftirfarandi töflu eru talin öll rím af viðkomandi gerð sem koma fyrir í alrími í dróttkvæðaútgáfu Finns Jónssonar 1912–1915. Oftast er hún samhljóða nýrri útgáfu dróttkvæða, en þar sem munurinn skiptir máli fylgi ég nýju útgáfunni.²

Tafla 1 Fjöldi ánákvæmra ríma á milli *a*, *o* og *ja* í dróttkvæðaútgáfu Finns Jónssonar.

Rím	<i>a: o</i>	<i>a: ja</i>	<i>o: ja</i>
10. öld	63	40	3 ³
11. öld	68	119	1 ⁴

Rím með *o: ja* er álíka fágætt og mistök í rími sem skáldin og útgefendur kvæða gerðu einstaka sinnum. Eina dæmið frá 11. öld er í lausavísu sem eignuð er Gunnlaugi ormstungu þar sem ríma saman *gjarn* og *þornum*. Í sömu vísu er samhljóðarímið *lands* og *Gunnar*, sem er mjög óvenjulegt. Skáldið hefur haft innskots-*d* á milli *n* og *s* og hefur í huga sér endurgert *lanns* sem rímar við *Gunnar*. Eitt af þremur dæmum frá 10. öld er úr illa varðveittu kvæði eftir Tind. Þar ríma saman *Sörla: jarli* en einnig *sárla: jarli*. Annað dæmi frá 10. öld segir frá skipi sem brann til „kaldra kola.“ Finnur og aðrir hafa valið lesháttinn *köld* fremur en *kald* sem er í aðalhandriti og Finnur tekur saman: *gjalda köld kol knarrar* en og við það verður til rímið *køld: gjalda*. Þriðja dæmið sem Finnur telur vera frá 10. öld, er úr litlu broti af konungakvæði (Oddmjór) í hinni norsku konungasögu Ágripri frá lokum 12. aldarr, sem aðeins er til í íslensku handriti sem er litlu yngra. Ekkert er vitað um þetta kvæðisbrot en líklega er það norskt. Það hefur rímið *snjallr: ollum*.

² Í eitt skipti leiðrétti ég bæði Finn og nýju útgáfuna varðandi vísuorð í Glymdrápu 6 þar sem eitt handrit (Kx) hefur *goðvarðr* en þrjú handrit (F, J1, J2) hafa *goðvørðr*, sem ég tel réttara. Þar með er komist hjá rími *a: jo*.

³ Í lausavísu e. Þorleif jarlsskald BI bls. 134, í kvæði eftir Tind BI bls. 136, og í Oddmjó BI bls. 167.

⁴ Í lausavísu Gunnlaugs í BI bls. 188.

Hugsanlega var það fyrir áhrif norskrar mállýsku sem hafði *allum* (norsk handrit hafa oft *a* í orðum þar sem *u* fylgir).

Af kenningu Hreins má draga þá ályktun að fleiri ónákvæm gegnvirk rím ættu að vera bönnuð og í framhaldinu lýsi ég slíku rími *a: jϕ*, en niðurstaða um það eru ekki jafn afgerandi og fyrir rím *ϕ: ja*. Það er heppilegt að vandalaust skuli vera að sýna að rímið *ϕ: ja* hafi verið bannað, vegna þess að það þýðir að með góðum líkum má nota rím dróttkvæða til að sýna að tiltekið orð hafi haft *ϕ*. Dæmi um þetta er eignarfallmyndin *mornar* af trölkonuheitinu *morn*. Nafnið kemur fyrir í kvæðinu Haustlög og rímar við *bjorn*, sem þýðir að eignarfallsmyndin getur ekki verið *marnar* eins og FJ prentaði í útgáfu sinni (sjá BI 15) og er skráð í Orðabók Sigfúsar Blöndal. Texti handrita hefur ekki *a* og nýja dróttkvæðaútgáfan (Skaldic.org) skrifar *Mornar*. Á vefsíðu Árnastofnunnar er eignarfallið sagt vera *mörnar* en orðið er sagt vera sjaldséð í nútímamáli. Eins og ég ræði í næsta kafla var rím með *ϕ: jϕ*, ekki sérlega gott á 10. öld og þess vegna er betra að taka dæmi frá 11. öld, t.d. rímið *borr: hjorva* sem sýnir að *borr* hafði *ϕ* í kvæði eftir Hofgarða-Ref (sjá BI 296). Með því að dróttkvæði geymi upplýsingar um hvaða orð höfðu *ϕ* í íslensku er áberandi hindrun rutt úr vegi fyrir því að unnt sé að segja að dróttkvætt rím endurspegli hljóðkerfi málsins.

3 Rím tvíhljóðanna *jϕ* og *jó*

Gera má ráð fyrir að meira en einn aðgreinandi þáttur sé á milli sérhljóðanna *a* og *jϕ* og þess vegna ættu þau ekki að mynda alrím fremur en *jϕ* og *a*. Í töflunni eru talin rím í útgáfu Finns Jónssonar frá því fyrir 1200.

Tafla 2 Fjöldi ónákvæmra ríma með *ϕ* og *jϕ* í dróttkvæðaútgáfu Finns Jónssonar 1912–1915

Rím	<i>a: ϕ</i>	<i>ϕ: jϕ</i>	<i>ja: jϕ</i>	<i>a: jϕ</i>
10. öld	63	8	4	4 ⁵
11. öld	68	35	8	3 ⁶

Rím á milli *a* og *jϕ* er sjaldgæft, en á 10. öld er það álíka algengt og rím *ja: jϕ* (samkvæmt töflunni). Ástæðan er að hluta til sú að *a* er algengara en *ja*, en önnur líkleg ástæða er að tvíhljóðið *jϕ* er upphaflega orðið til við u-klofning á *e* en ekki við u-hljóðvarp af *ja*. Ragnvald Iversen (1972, 22) gerði ráð fyrir að *e* hafi orðið *io* sem hafi þróast yfir í *jϕ*, að líkindum með því að herma eftir hliðstæðum víxum *a* og *ϕ* (n. analogilaging). Merki um þetta kunna að sjást í rími 10. aldar. Vegna þess að meira skildi að *ja* og *jϕ* en kringing, varð rímið tregara. Einnig virðist rím *ϕ: jϕ* vera tregara

⁵ Þetta er úr fjórum lausavísum í bindi BI á bls. 47 Egill, 90 Hrómundur, 124 Einar skálaglamm (í Egils sögu), og 127 Steinunn (í Hallfreðar sögu, í Kristni sögu Njálu).

⁶ Þetta er úr lausavísu í bindi BI á bls. 184 e. Grím Droplaugarson, og úr tveimur erfidrúpum eftir Arnór á bls. 321 og 325. Sú seinni er um Harald harðráða.

en við mætti búast, sem gæti verið af sömu ástæðu. Hinsvegar, á 11. öld virðist vera skýrt að rím *a* og *jϕ* var sjaldgæfara en önnur rím með aðeins þremur dæmum (á meðan *ϕ: jϕ* er með 35 og *ja: jϕ* með 8).

A töflum 1 og 2 sést að rím *a: ja* og *ϕ: jϕ* varð miklu algengara á 11. öld en þau voru á 10. öld (sjá nánar Þorgeir 2023). Sami hljóðkerfisþáttur, rísandi, greindi bæði að *a: ja* og *ó: jó*. Búast mætti við sams konar aukningu í rími *ó: jó*. Tafla 3 sýnir að hún varð ekki. Samkvæmt töflunni var *ó: jó* rím hlutfallslega fágætt á 10. öld og hélt áfram að vera það á 11. öld.

Tafla 3 Fjöldi ríma með *ó* og *jó* í dróttkvæðaútgáfu Finns Jónssonar 1912–1915

Rím	<i>ó: ó</i>	<i>ó: jó</i>	<i>jó: jó</i>
10. öld	85	17 ⁷	28
11. öld	113	25 ⁸	38

Rím *ó* og *jó* var ekki leyft á 10. öld þrátt fyrir 17 dæmi frá 10. öld í töflu 3 (sjá nánar Þorgeir 2023). Þessi 17 dæmi eru öll yngri. Það sést á því að þau eru öll úr lausavísum sem varla eru eldri en sögurnar sem geyma þær. Þegar sögur vitna til vísna úr þekktum kvæðum sem lesendur þeirra kunnu er líklegt að þær séu gamlar en það er óvíst um lausavísur. Á 11. öld koma fyrir *ó: jó* rím úr kvæðum sem líklega voru almennt þekkt. Þetta eru fyrst og fremst kvæði um Harald harðráða. Hans Kuhn (1983, 68) benti á nýjung í hrynjandi kvæða sem varð í kvæðum skálda Haralds. Hugsanlega var það meðal þeirra sem *ó: jó* rímið náði fótfestu. Eitt skálda Haralds var Arnór jarlaskáld en hann á einmitt tvö *a: jϕ* rím í töflu 2 sem eru einu dæmin úr kvæðum um það. Í byrjun aldarinnar var *ó: jó* rím líklega enn bannað, en frá þeim tíma eru tvö *ó: jó* rím í lausavísum eftir Gunnlaug Ormstungu. Hann á sömuleiðis eina dæmið um *ϕ: ja* rím frá 11. öld (í töflu 1). Í flestum tilvikum gerir það ekki til þótt rangfeðraðar vísur séu taldar með í töflum 1 og 2 vegna þess að á 13. öld var *a: ϕ* rím að mestu úr sögunni.⁹

Til að útskýra af hverju ekki virðist hafa verið ónákvæmt rím á milli *ó* og *jó* benti Þorgeir á að hljóðkerfisþátturinn rísandi var ekki upphafinn á sama hátt fyrir *ó* og *jó* annars vegar og fyrir *a* og *ja* hinsvegar. /Ja/ er orðið til við klofning á /e/ en sá klofningur virðist ekki hafa verið leyfður á eftir *v-*, *r-*, eða *-l* (eða *kv-*, *kr-*, *kl-*, *tv-*, *tr-*, *fl-* o.fl.). Þess vegna er ekki neitt orð sem byrjar t.d. á *flja-* sem væri annað orð en orð sem byrjaði á *fla-*. Þar með er þátturinn rísandi upphafinn í algengum hljóðasamböndum. Það sama gildi um *ϕ* og *jϕ*. Þetta gildi hinsvegar ekki um *ó* og *jó*. /Jó/ er orðið til

⁷ Þessi 17 rím eru öll úr lausavísum í bindi BI á bls. 49, 49, 49 Egill, 62 Eyvindur, 70, 72, 80 Kormákur, 89, 89 Bersi, 97 Gísli, 109 Þórarinn Máhlíðingur, 110 Víga-Glúmur, og 156, 158, 158, 161, 163 Hallfreður.

⁸ Af þessum 25 rímum eru 12 úr lausavísum í BI á bls. 180, 180 Hávarður, 185, 188 Gunnlaugur, 263 Þormóður, 283 Björn Hítælakappi, 288 Grettir, 328 Haraldr harðráði, 350 Þjóðólfr, og 398, 399, 399 óþekktir. 8 eru úr kvæðum um Harald bls. 342 Þjóðólfr, 354 Illugi, 357, 357 Grani, 361, 362 Valgarður, og 363, 363 Bjarni. Úr öðrum kvæðum eru 5 bls. 231 Tryggvaflokkur, 272 Höfuðlausn Óttars, 276 Grámagaflím, og 391, 392 Liðsmannaflokkur.

⁹ Þetta á við um rím með *a: jϕ*, *ϕ: ja* og *jϕ: ja* en ekki um rím *a: ja* og *ϕ: jϕ*. Til að sjá hversu fágætt slíkt rím var í kvæðum á 10. öld vísa ég til Þorgeirs (2023).

úr /eu/ en ekki við klofning. Þátturinn *rísandi* greinir á milli orða eins og *ljón* eða *lón*, og *rjóða* eða *róða*. Orð með sem byrja á **vó-* eru ekki til fremur en orð sem byrja á **vjó-*.



Mynd 1 Egill berst við Ljót. Mynd í aðalhandriti Egils sögu, Möðruvallabók, á síðu 61r. Þrjú vísuorð í tveimur vísum um einvígi Egils við Ljót hafa ó:jó rím.

4 Niðurstöður um kenningu Hreins

Í elstu norrænu var *j* framan við sérhljóð ekki samhljóð. Tvíhljóðin *jó*, *jǫ* og *ja* voru sérstök hljóðön. *Jó* rímaði ekki við *ó*, en á milli *ja* og *a* var ónákvæmt rím sem kenning Hreins Benediktssonar skýrir (sjá kafla 3), sömuleiðis á milli *jǫ* og *ǫ*. Þessu hefur áður verið lýst í grein Þorgeirs (2023), en hér notaði ég ónákvæma rímið *a*: *ja* til að rannsaka gegnvirkni ríms. Ég sýndi að sérhljóðin *ǫ* og *ja* rímuðu ekki, jafnvel þótt *ǫ* rímaði við *a* sem rímaði við *ja* (sbr. töflu 1). Kenning Hreins getur skýrt þetta með því að á milli tveggja sérhljóða sem ríma megi ekki vera nema einn aðgreinandi þáttur. Rím *a* og *jǫ* var líklega einnig bannað, þótt gögn um það rím séu ekki jafn afgerandi vegna þess hve allt ónákvæmt rím með *jǫ* var sjaldgæft á 10. öld (sbr. töflu 2). Það að rím *ǫ*: *ja* var bannað þýðir að *ǫ* var sérstök rímeining. Þess vegna er það ekki rétt að sérhljóðin *a* og *ǫ* hafi verið jafngild í rími, eins og Hreinn og aðrir hafa sagt. Þar af leiðir að rím speglar betur en áður var talið hljóðkerfi forn máls. Þetta er mjög jákvætt fyrir rannsóknir á fornu máli.

Þorgeir (2023) sýndi að ónákvæm rím voru að meðaltali ekki jafngild nákvæmum rímum með því að sýna að skáldin notuðu hlutfallslega oftar nákvæm rím en ónákvæmu rímin *a*: *ǫ* og *a*: *ja*. Til að skýra þetta liggur beint við að gera ráð fyrir að *ǫ* hafi á löngum tíma fjarlægst *a* og nálgast *ø*. Sömuleiðis virðist *ja* hafa klofnað frá *e* og runnið saman við *a* (og *j* orðið samhljóð) á löngum tíma. Steblin-Kaminsky fannst það vera galli á kenningu Hreins að hún gerði ráð fyrir að rím *a*: *ǫ* hyrfi

skyndilega (sjá andmæli Hreins (2002, 105–110). Hann benti á (sjá Hrein 2002, 107) að hlutleysis-umhverfið væri áfram til staðar og því mætti búast við að rímið héldi áfram þótt ϱ og \emptyset sameinuðust. Til að bæta úr þessu lagði hann til að breytingar á framburði ϱ hefðu verið samfelldar og tekið langan tíma. Með kenningu Steblin-Kamenskíj má bæta kenningu Hreins varðandi virkni a : ϱ ríms. Á sama hátt má skýra þróun ríms með *ja* og *jϕ*. Heildarniðurstaða mín um kenningu Hreins er að hún lýsi réttilega fleiri aðstæðum en hún var upphaflega samin fyrir, en ég hef bent á tvær lagfæringar sem þarf að gera á túlkun hennar (varðandi gegnvirkni og varðandi samfelldar breytingar).

Heimildir

- Anderson, Stephen R. (1973). u-Umlaut and Skaldic verse. In Stephen R. Anderson & Paul Kiparsky (eds.), *A Festschrift for Morris Halle*, 3–33. Holt, Rinehart & Winston, New York.
- Finnur Jónsson (1912–1915). *Den norsk-islandske skjaldedigtning* Bindi AI-AII (frumtextar) og BI-II (samræmdur texti). Gyldendal; Kaupmannahöfn.
- Haukur Þorgeirsson. (2013). *Hljóðkerfi og bragkerfi. Stoðhljóð, tónkvæði og önnur úrlausnarefni í íslenskri bragsögu ásamt útgáfu á Rímum af Ormari Fraðmarssyni*. Hugvísindastofnun. Doktorsritgerð frá Háskóla Íslands.
- Hreinn Benediktsson (2002 [1966]). Phonemic Neutralization and Inaccurate Rhymes. In Guðrún Þórhallsdóttir, Höskuldur Þráinsson, Jón G. Friðjónsson & Kjartan Ottosson (eds.), *Linguistic Studies, Historical and Comparative*, 92–104. Institute of Linguistics, Reykjavík. Originally published in *Acta philologica Scandinavica* 26:1–18, 1963.
- Hreinn Benediktsson (2002 [1966]). Phonemic Merger and Phonemic Indeterminacy: Old Icelandic / ϱ /. In Guðrún Þórhallsdóttir, Höskuldur Þráinsson, Jón G. Friðjónsson & Kjartan Ottosson (eds.), *Linguistic Studies, Historical and Comparative*, 105–110. Institute of Linguistics, Reykjavík. Originally published in *Philologica Pragensia* 9:408–13, 1966.
- Kahle, Bernard. (1892). *Die Sprache der Skalden*. Karl J. Trübner, Strassburg.
- Kristján Árnason. (1991). *The rhythms of dróttkvætt and other Old Icelandic metres*. University of Iceland, Institute of Linguistics, Reykjavík.
- Kuhn, Hans. (1983). *Das Dróttkvætt*. Winter, Heidelberg.
- Steblyn-Kamenskíj, Mikhail (1965). Sjá tilvísanir í Hreinn Benediktsson (2002[1966]).
- Ný dróttkvæðaútgáfa, The Skaldic Project. Skaldic.org
- Þorgeir Sigurðsson. (2023). How inaccurate rhymes reveal Old Norse vowel phonemes. *Mál og Minne* 115 (1), 185–203. <https://doi.org/10.52145/mom.v115i1.2185>